



Fjárfestingarstefna 2021-2025

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild





EFNISYFIRLIT

1.	Um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	3
2.	Forsendur fjárfestingarstefnu	3
2.1.	Almennt	3
2.2.	Aldurssamsetning, lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði	4
2.3.	Aðstæður á mörkuðum og Efnahagshorfur	5
3.	Markmið og viðmið fjárfestingarstefnu	7
3.1.	Eignasamsetning, markmið og vikiörörk.....	7
3.2.	Nánari umfjöllun um eignaflokka	8
3.3.	Vægi eignaflokka, skráning og útgáfa.....	9
3.3.1.	Vægi eignaflokka.....	9
3.3.2.	Skráning fjármálagerninga	9
3.3.3.	Óskráðir fjármálagerningar	9
3.3.4.	Markaðstorg fjármálagerninga	10
3.4.	Mótaðilaáhætta.....	10
3.4.1.	Sami útgefandi.....	10
3.4.2.	Sértryggð skuldabréf.....	10
3.4.3.	Innlán / viðskiptabanki.....	10
3.4.4.	Afleiður.....	10
3.4.5.	Tengdir aðilar / aðilar sömu samstæðu.....	10
3.4.6.	Verðbréfasjóður.....	10
3.4.7.	Hlutafélag.....	10
3.4.8.	Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.....	11
3.4.9.	Þjónustuverkefni	11
3.5.	Gjaldmiðlaáhætta.....	11
3.6.	Takmarkanir og viðmið	11
3.6.1.	Hámarksfjárfesting í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, reglur um veðsetningarhlutföll og veðandlög	11
3.6.2.	Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags	11
3.6.3.	Hlutfall eigna í virkri stýringu	11
3.6.4.	Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka	11
3.6.5.	Markmið um hlutfall lausafjár	12
3.6.6.	Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkum og í heild	12
3.6.7.	Markmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns.....	12
4.	Fjárfestingar	12
4.1.	Almennt	12
4.2.	Fjárfestingarákvarðanir	12
4.3.	Ávöxtunar- og áhættuviðmið	13
4.4.	Samfélagsleg ábyrgð.....	14
Viðauki A		17



1. UM B-DEILD LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, hér eftir nefndur „LSR“, er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir LSR eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR.

B-deild, hér eftir einnig nefnd „sjóðurinn“, er gamalt eftirlaunakerfi ríkisstarfsmanna og var lokað fyrir nýjum launagreiðendum og sjóðfélögum í árslok 1996 með lögum nr. 141/1996, en með þeim voru gerðar breytingar á lífeyrissjóðakerfi ríkisstarfsmanna. Sjóðurinn er ekki nema að hluta til fjármagnaður með iðgjöldum og ávöxtun þeirra en að stærstum hluta með samtímagreiðslum frá launagreiðendum og ríkissjóði. Lífeyriskerfi B-deildar felur því einungis að litlu leyti í sér sjóðsöfnun og byggist fjármögnunin aðallega á gegnumstreymi. Lífeyrisbyrði sjóðsins er há og fer hækkandi, eðli málsins samkvæmt með lokaðan sjóð. Iðgjald til sjóðsins er 12% þar sem sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 8%. Hlutverk sjóðsins er:

- Að taka við iðgjöldum og varðveita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga.
- Að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu og að teknu tilliti til áhættu.
- Að greiða sjóðfélögum lífeyri.
- Að tryggja sjóðfélaga fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðla að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga.

2. FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

2.1. ALMENNT

LSR starfar eftir lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hér eftir nefnd „lög um lífeyrissjóði“, lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, samþykktum sjóðsins og öðrum reglum sem finna má á vef sjóðsins¹. Fjárfestingarstefna sjóðsins er unnin samkvæmt VII kafla laga um lífeyrissjóði, með síðari breytingum m.a. sem gerðar voru með lögum nr. 113/2016. Fjárfestingarstefna þessi er jafnframt unnin samkvæmt reglugerð nr. 916/2009 eins og henni var breytt með reglugerðum nr. 591/2017, nr. 880/2017 og nr. 1127/2018. Þá tekur fjárfestingarstefnan mið af hluthafastefnu sjóðsins, áhættustefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Fjárfestingarstefna þessi er send til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember 2020 og er birt á vef LSR, www.lsr.is, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 591/2017.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett til fimm ára í senn og miðar við að markmiði um eignasamsetningu sé náð eigi síðar en í lok árs 2025. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til aðstæðna á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum sem og eignasamsetningar sjóðsins á hverjum tíma. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem kunna að hafa orðið á rekstrar- og starfsumhverfi sjóðsins.

Fyrir upphaf hvers árs gerir stjórn LSR áætlun um fjárfestingar ársins. Fjárfestingaráætlunin byggir á gildandi fjárfestingarstefnu, tekur mið af eignasamsetningu, stöðu sjóðsins, horfum og

¹ <https://www.lsr.is/um-lsr/log-og-samthykkir/>



fjárfestingartæknifærum á verðbréfamörkuðum. Við gerð áætlunarinnar er tekið tillit til áætlaðra iðgjalda, lífeyrisgreiðslna, fjármagnstekna og endurgreiðslna af verðbréfaeign sjóðsins.

2.2. ALDURSSAMSETNING, LÍFEYRISBYRÐI OG FRAMTÍÐARGREIÐSLUFLÆÐI


Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga í B-deild LSR var 1.795 á árinu 2019 og meðalaldur þeirra var 61 ár. Greiðandi sjóðfélögum mun fækka hratt á komandi árum og þannig dregur úr greiddum iðgjöldum til sjóðsins. Alls áttu 37.064 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum í desember 2019 og var meðalaldur þeirra 61 ár. Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2019 var 17.120 en gert er ráð fyrir því að fjöldi lífeyrisþega nái hámarki á árunum 2032 og 2033 en fari þá aftur lækkandi. Gert er ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur muni aukast mikið í framtíðinni á sama tíma og það dregur úr innflæði í sjóðinn.

Lífeyrisbyrði B-deildar var 175% á árinu 2019, að teknu tilliti til endurgreiðslna launagreiðenda vegna lífeyrishækkana, viðbótariðgjalda, framlags ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði og árlegs uppgjörskuldbindinga. Lífeyrisbyrði kemur til með að fara hækkandi í framtíðinni þar sem um B-deild er lokaður sjóður.

Innflæði í B-deild er langt frá því að standa undir greiðslu lífeyris til sjóðfélaga. Sjóðurinn þarf því að selja eignir og nota afborganir af skuldabréfum til að standa undir greiðslu lífeyris á hverjum tíma. Án aukinna innborgana vegna skuldbindinga mun þessi halli á innflæði í sjóðinn aukast á komandi árum.

Ríkissjóður hefur frá árinu 1999 greitt aukalega inn á skuldbindingar sínar við B-deild en án aukagreiðslna hefðu eignir sjóðsins klárast í nóvember 2015. Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega. Samkvæmt fjármálaáætlun sem ríkistjórn Íslands hefur sett fram vegna komandi ára er áformað að halda áfram að greiða sjö milljarða kr. á ári til B-deildar. Í fjárfestingaráætlun B-deildar er gert ráð fyrir sjö milljarða kr. greiðslu frá ríkissjóði inn á skuldbindingar vegna árána 2020 og 2021. Í stað þess að B-deild hefði klárað sínar eignir á árinu 2015 hefur tekist að fresta því til ársins 2029. Til þess að tryggja að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera 7,8 milljarðar kr. á ári næstu 30 árin, miðað við verðlag í árslok 2019.

Við mat á framtíðargreiðsluflæði er gert ráð fyrir 6% nafnávöxtun á eignum sjóðsins frá og með árinu 2021 og 2,5% verðbólgu í samræmi við verðbólguþátt Seðlabanka Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að raunávöxtun af innlendum skuldabréfum fari lækkandi til lengri tíma litið. Mat á framtíðargreiðsluflæði næstu ára er neikvætt sem verður til þess að áætluð hrein eign sjóðsins fer lækkandi á ári hverju eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1

2.3. AÐSTÆÐUR Á MÖRKUDUM OG EFNAHAGSHORFUR

Innlendir markaðir

Árið 2020 hefur verið krefjandi fyrir hagkerfi heimsins og þar er íslenskt efnahagslíf ekki undanskilið. Ástæðan liggur fyrst og fremst í útbreiðslu kórónuveirufaraldursins (COVID-19) á heimsvísu. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við líkt og stjórnvöld víða og hafa hömlur verið settar á ýmsa starfsemi og viðburði til að hefta útbreiðslu faraldursins með það að markmiði að vernda almenning fyrir þessum nýja óþekkta sjúkdómi og tryggja þannig að heilbrigðiskerfið standist álagið. Afleiðingarnar eru m.a. að flugsamgöngur til og frá landinu sem og annars staðar hafa dregist mjög mikið saman og hafa fyrirtæki mörg hver fundið fyrir verulegum tekjusamdrætti og þá sér í lagi fyrirtæki í ferðapjónustu. Nóvemberspá Seðlabankans gerir ráð fyrir 8,5% samdrætti í landsframleiðslu í ár en til samanburðar þá gerði Seðlabankinn ráð fyrir 0,8% hagvexti árið 2020 í upphafi árs. Mikill slaki mælist nú á íslenskum vinnumarkaði en í lok árs 2019 var atvinnuleysi 4,3% skv. Vinnumálastofnun og nú gera spár Seðlabanka Íslands ráð fyrir að atvinnuleysi verði um 10% í lok árs 2020.

Veiking íslensku krónunnar á árinu nemur um 14% miðað við nóvember 2020 og mælist tólf mánaða verðbólga nú 3,6% sem er einu prósentustigi umfram verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands og vegur veiking krónunnar þar þungt. Seðlabankinn hefur beitt inngripum á gjaldeyrismarkaði með það að markmiði að draga úr skammtímasveiflum á gengi krónunnar. Í upphafi árs var gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans rúmir 6 milljarðar evra en er nú 5,7 milljarðar evra. Til að bregðast við miklum samdrætti í íslensku efnahagslífi hefur Seðlabanki Íslands lækkað meginvexti bankans þ.e. vexti á sjö daga bundnum innlánnum um 2,25 prósentustig eða úr 3% í 0,75% það sem af er ári. Lægri vöxtum og öðrum aðgerðum Seðlabankans er m.a. ætlað að styðja við innlenda eftirspurn. Samhliða vaxtalækkunum hefur ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa lækkað og munurinn í ávöxtunarkröfu milli styttri og lengri ríkisskuldabréfaflokka hefur aukist. Sama gildir um skuldabréf virkra útgefenda eins og t.d. sértryggð skuldabréf bankanna.



Í viðleitni til að draga úr efnahagslegum afleiðingum veirunnar hafa stjórnvöld hér á landi sem og víða um heim aukið ríkisútgjöld verulega. Í upphafi árs námu skuldir ríkissjóðs 28% af vergri landsframleiðslu, sem er með því lægra í heiminum, en gert er ráð fyrir að þær verði orðnar 48% í lok árs 2021. Halli á rekstri ríkissjóðs árið 2020 er áætlaður 269 ma.kr og að sama skapi er hallinn áætlaður 264 ma.kr. árið 2021. Ljóst er að skuldaförnun ríkissjóðs verður veruleg á næstu árum og mun vera krefjandi að snúa við þeim hallarekstri. Þessum aðgerðum er ætlað að vinna á móti dýpt samdráttarins og flýta fyrir bata hagkerfisins þegar tekist hefur að koma böndum á faraldurinn og hjólin geta farið að snúast á nýjan leik með eðlilegum hætti.

Áður en COVID-19 skall á var eiginfjár- og lausafjárstaða stóru bankanna þriggja sterk. Í ljósi aðstæðna hafa gæði útlánasafna bankanna versnað. Til að greiða fyrir lánveitingum til heimila og fyrirtækja og auka svigrúm bankanna til að endurskipuleggja skuldir heimila og fyrirtækja í vanda rýmkaði Seðlabankinn verulega aðgengi bankanna að lausu fé. Bindiskylda var lækkuð og henni breytt, slakað hefur verið á eiginfjárkröfum fjármálfyrirtækja með því að færa sveiflujöfnunarauka úr 2% í 0%, hætt hefur verið að bjóða uppá bundin innlán til eins mánaðar og sérstök tímabundin lausafjárþingreiðsla í formi veðlána veitt.

Virgni á íbúðamarkaði hefur verið töluverð það sem af er ári og nemur tólf mánaða hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 5% og tæplega 8% í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Lánakjör heimila hafa batnað töluvert í kjölfar vaxtalækkana Seðlabankans og í kjölfarið hafa heimilin í auknum mæli endurfjármagnað íbúðalán sín og samhliða hefur ásókn í óverðtryggt húsnæðislán hjá viðskiptabönkum aukist. Markaðshlutdeild bankanna á íbúðalánamarkaði hefur aukist mikið og bjóða þeir í flestum tilvikum lægri vexti en lífeyrissjóðir á íbúðalánnum. Heimilin hafa einnig nýtt sér sérstaka útgreiðslu séreignarsparnaðar í tengslum við COVID-19.

Hlutabréfavisitalan OMXIGI hefur hækkað um rúm 8% það sem af er árinu 2020 en þó hefur velta með hlutabréf dregist saman. Samtals eru 19 fyrirtæki skráð á Aðalmarkað Kauphallar Íslands. Síminn hf. leiðir hækkun félaga á markaði en hlutabréf Icelandair hf. hafa lækkað mest á árinu. Félagið hefur orðið fyrir gríðarlegum búsigfum í faraldrinum og nam tap þess um 48 mö.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins en hlutafé Icelandair var aukið um samtals 23 ma.kr. í september 2020 til að bregðast við alvarlegri fjárhagsstöðu. Er kemur að fyrirtækjum í landinu þá hefur hlutfall útlána fyrirtækja í vanskilum nærri tvöfaldast og fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér sérstök skuldaúrræði lánveitenda vegna faraldursins en þau lán teljast ekki til vanskila.

Óvissan er óvenju mikil og þróun efnahagsmála mun ráðast af þróun framvindu farsóttarinnar. Aðgerðir stjórnvalda og Seðlabanka Íslands miða allar að því að örva hagkerfið og lágmarka þjóðhagslegt tap. Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem hefur orðið hvað mest fyrir barðinu á COVID-19 en hún var orðin mjög mikilvæg fyrir íslenskt hagkerfi. Ómögulegt er að segja til um hvenær ferðalög muni komast aftur í eðlilegt horf en koma virkra bóluefna gegn veirunni mun sennilega ráð miklu þar um.

Erlendir markaðir

Líkt og á innlendum mörkuðum ríkir mikil óvissa almennt í erlendu efnahagslífi enda hefur COVID-19 faraldurinn haft fjölmargar og alvarlegar afleiðingar í för með sér sem hafa tekið sinn toll á erlendum verðbréfamörkuðum.

Allt frá því að veiran fór að láta á sér kræla í lok árs 2019 fór að gæta lækkandi hagvaxtar í heiminum. Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn (IMF) spáir því að heimshagvöxtur verði -4,9% á árinu 2020 en jákvæður sem nemur 5,4% á árinu 2021 sem er 6,5 prósentustigum lægra en spá sjóðsins var fyrir COVID-19. Spá sjóðsins fyrir Bandaríkin hljóðar upp á 4,5% á árinu 2021 og 6% fyrir Evrusvæðið. IMF tekur fram í spá sinni að mikil óvissa ríki á heimsvísu um það hvort jákvæðar hagvaxtartölur nái fram að ganga á



næsta ári og byggir það meðal annars á því hversu lengi faraldurinn muni vara og hversu langvarandi atvinnuleysi verði á heimsvísu. Ýmsir hagvísar og framleiðslutölur í heiminum benda þó til þess að hagkerfin séu að taka við sér. Þjónustufyrirtæki eiga erfiðara uppdráttar en framleiðslufyrirtæki enda urðu þau fyrir meiri skelli. Atvinnuleysi í Bandaríkjunum jókst í kjölfar fyrstu bylgju COVID-19 og fór yfir 14% en hefur lækkað töluvert síðan þá.

Seðlabankar Bandaríkjanna og Evrópu hafa aukið peningamagn í umferð og hafa keypt skuldabréf fyrir háar fjárhæðir. Sem dæmi má nefna keypti Seðlabanki Bandaríkjanna eignir sem námu 15% af landsframleiðslu á 2. ársfjórðungi 2020 og Seðlabanki EU keypti eignir fyrir 8% á sama tíma. Með þessu tryggðu bankarnir lausafé á fjármálamörkuðum og reyna þannig að draga úr líkum á því að þessi heimskreppa verði sambærileg þeirri kreppu sem hófst á árinu 2007 og einkenndist af miklum lausafjárskorti. Jerome Powell, Seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur lýst því yfir að betur má ef duga skal; að hættan sé ennþá til staðar og að áframhaldandi stuðningur þurfi að eiga sér stað við heimilin og fyrirtækin í landinu til að hagkerfið nái sér á strik aftur. Stuðningspakkar ríkissjóða í fjölmörgum löndum hafa stutt við ráðstöfunartekjur heimilanna, sér í lagi í Bandaríkjunum og er búist við að ríkissjóðir stærstu ríkja verði reknir með halla á næsta ári.

Vextir eru lágir á heimsvísu og eru spár flestra seðlabanka að þeir muni haldast lágir áfram. Verðhjöðnun hefur verið í mörgum löndum Evrópu undanfarin misseri og Seðlabanki Bandaríkjanna gerir ekki ráð fyrir að ná verðbólgu markmiðum fyrr en á árinu 2023, en verðbólgu markmið Seðlabanka Bandaríkjanna og Evrópu eru 2%.

Hækkanir á verði hlutabréfa í stærstu tæknifyrirtækjum Bandaríkjanna hafa drifið áfram verðhækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum. Hlutabréfamarkaðir í öðrum heimshlutum hafa setið eftir en þó hefur peningaprentun og lágir vextir, sér í lagi í Bandaríkjunum og Evrópu, stutt við markaðinn. Enn er óljóst um afleiðingar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu sem hefur jafnframt aukið við óvissa á hlutabréfamarkaði þar í landi.

Lítið samband hefur verið á milli hagnaðarvaxtar hjá fyrirtækjum og ávöxtunar á hlutabréfamörkuðum á heimsvísu síðustu misserin. Ýmsir markaðsaðilar spá þó auknum hagnaðarvexti hjá fyrirtækjum á árinu 2021 eftir neikvæðan hagnaðarvöxt undanfarinna ára. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index) hefur þó hækkað á yfirstandandi ári og það má segja að verðlagning hlutabréfa sé ennþá hagstæð, að teknu tilliti til lágs vaxtastigs í heiminum. Hagstæð verðlagning á hlutabréfamörkuðum í Evrópu, Japan og á þróunarmörkuðum gæti því falið í sér ákveðin tækifæri til fjárfestinga á hlutabréfum á þessum svæðum.

Ennþá ríkir mikil óvissa um bólefni við COVID-19 en fjölmörg lyfjafyrirtæki í heiminum eru á prófunarstigi, en þó komin mislangt á veg. Markaðsaðilar eru margir bjartsýnir á að öruggt og árangursríkt bóluefni verði tilbúið til dreifingar 2021 og taka margar markaðsspár mið af því.

3. MARKMIÐ OG VIÐMIÐ FJÁRFESTINGARSTEFNU

3.1. EIGNASAMSETNING, MARKMIÐ OG VIKMÖRK

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé, sem ætlað er að veita lágmarkstryggingavernd, í innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða, fjármálagerningum og fasteignum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Jafnframt skal flokka eignir sjóðsins í eignaflokka A-F, sbr. 36. gr. a í lögum nr. 129/1997, sjá nánar í kafla 3.2. Stefnu sjóðsins um eignasamsetningu og vikið verk og eignasamsetningu 30. september 2020 má sjá hér í töflu 1 og í viðauka A.



Eignaflokkur	Eign 30.09.20	Stefna	Vikmörk
(1) A.a Skuldabréf með ríkisábyrgð	21%	20%	15% 30%
(1) A.b Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10%	10%	5% 20%
(2) B.a Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	2%	5%	0% 10%
(2) B.b Innlán	7%	5%	0% 10%
(2) B.c Sértryggð skuldabréf	1%	3%	0% 5%
(3) C.a Skuldabréf lánastofnana	1%	2%	0% 5%
(3) C.b Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	34%	32%	20% 45%
(4) D.a Skuldabréf fyrirtækja	6%	5%	0% 10%
(4) D.b Skuldabréf sjóða um sam.fjárfestingu	0%	1%	0% 5%
(5) E.a Hlutabréf	14%	12%	5% 20%
(5) E.b Hlutdeildarskírteini sjóða um sam.fjárfest.	4%	5%	0% 15%
(5) E.c Fasteignir	0%	0%	0% 1%
(6) F.a Afleiður	0%	0%	0% 1%
(6) F.b Aðrir fjármálagerningar	0%	0%	0% 0%

Tafla 1

Gert er ráð fyrir að markmiði um eignasamsetningu verði náð eigi síðar en 2025. Stefnan tekur m.a. mið af áætluðu framtíðargreiðsluflæði, framboði fjárfestingakosta, efnahagshorfum, áhættuþoli og áhættuvilja sjóðsins eins og það er skilgreint í áhættustefnu hans. Meðalaldur sjóðfélaga er hár eins og kemur fram í kafla 2.2 og tekur stefna sjóðsins til næstu fimm ára jafnframt mið af því. Dregið verður úr áhættu eignasafns sjóðsins og vægi skuldabréfa aukið. Áhersla verður á að minnka vægi erlendra hlutabréfa sjóðsins með sölu á hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfasjóða en á móti er áætlað að fjárfesta í erlendum skuldabréfasjóðum og auka þar með eignadreifingu í erlendu eignasafni.

Stjórn LSR hefur sett stefnu um að hlutfall gengisbundinna eigna verði 35% árið 2025 og til lengri tíma litið er stefnt að því að hlutfall gengisbundinna eigna verði 30%, sjá nánar kafla 3.5. Gengisbundnar eignir sjóðsins flokkast undir skuldabréf með ríkisábyrgð (A.a), innlán (B.b), hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (C.b), hlutabréf (E.a) og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

3.2. NÁNARI UMFJÖLLUN UM EIGNAFLOKKA

Líkt og komið hefur fram skal flokka eignir sjóðsins í eignaflokka A-F, sjá m.a. nánar í kafla 3.1 og viðauka A. Hér á eftir má sjá hvaða eignir í eignasafni sjóðsins tilheyra hverjum eignaflokki.

1. Eignaflokkur A.

- Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.
- Skuldabréf tryggð með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.

2. Eignaflokkur B.

- Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.
- Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.
- Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.



3. Eignaflokkur C.

- a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.
- b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

4. Eignaflokkur D.

- a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.
- b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

5. Eignaflokkur E.

- a. Hlutabréf félaga.
- b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.

6. Eignaflokkur F.

- a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, eða fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysliverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.
- b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.

3.3. VÆGI EIGNAFLOKKA, SKRÁNING OG ÚTGÁFA

3.3.1. VÆGI EIGNAFLOKKA

Vægi eignaflokka skal vera innan eftirtalinna marka:

1. Eignir skv. 3.-6. tölulið í kafla 3.2 skulu samanlagt vera innan við 80% heildareigna.
2. Eignir skv. 4.-6. tölulið í kafla 3.2 skulu samanlagt vera innan við 60% heildareigna.
3. Eignir skv. 6. tölulið í kafla 3.2 skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.

3.3.2. SKRÁNING FJÁRMÁLAGERNINGA

Fjármálagerningar skv. 2.-6. tölulið í kafla 3.2 skulu skráðir á skipulegum verðbréfamörkuðum í samræmi við 2. mgr. 36. gr. b í lögum nr.129/1997. Þrátt fyrir 1. másl. er lífeyrissjóðnum heimilt að fjárfesta í hlutum og hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu ef kveðið er á um heimild til innlausnar þeirra að kröfu lífeyrissjóðsins á hverjum tíma.

3.3.3. ÓSKRÁÐIR FJÁRMÁLAGERNINGAR

Þrátt fyrir ákvæði í kafla 3.3.2 er sjóðnum heimilt að binda allt að 20% heildareigna í fjármálagerningum sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeir skulu þó gefnir út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.



3.3.4. MARKAÐSTORG FJÁRMÁLAGERNINGA

Að viðbættum kafla 3.3.3 er sjóðnum heimilt að binda allt að 5% heildareigna í fjármálagerningum sem eru skráðir á markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í ríkjum Evrópska efnahagsvæðisins, sem starfar reglulega, er opið almenningi og viðurkennt á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

3.4. MÓTAÐILAÁHÆTTA

3.4.1. SAMI ÚTGEFANDI

Sjóðnum er heimilt að binda allt að 10% heildareigna í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir 2.-6. tölulið í kafla 3.2. Þar af er sjóðnum óheimilt að binda meira en 5% af heildareignum í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir 6. tölulið í kafla 3.2.

3.4.2. SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

Þrátt fyrir hámark í kafla 3.4.1 er sjóðnum heimilt að binda allt að 10% heildareigna í sértryggðum skuldabréfum sama útgefanda skv. c-lið 2. töluliðar í kafla 3.2.

3.4.3. INNLÁN / VIÐSKIPTABANKI

Samanlögð eign sjóðsins í fjármálagerningum skv. ákvæðum í köflum 3.4.1 og 3.4.2 ásamt innlánnum sama viðskiptabanka eða sparisjóðs skal vera innan við 25% heildareigna.

3.4.4. AFLEIÐUR

Sjóðurinn skal tryggja að mótaðilaáhætta, sem leiðir af afleiðu, falli undir takmarkanir í köflum 3.4.1 og 3.4.3 hér að framan. Séu afleiður ekki skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði skal mótaðili sjóðsins lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Þá skal vera unnt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega með áreiðanlegum hætti og skal tryggt að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni. Heimilt er að gera afleiðusamninga í þeim tilgangi að draga úr áhættu sjóðsins eða ef þeir fela aðeins í sér kauprétt eða áskriftarréttindi enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir skv. kafla 3.2, neysluverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við skilgreiningu í lið F.a í kafla 3.2. Ekki er gert ráð fyrir að stofna til afleiðusamninga á tímabilinu.

3.4.5. TENGDIR AÐILAR / AÐILAR SÖMU SAMSTÆÐU

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skulu teljast einn aðili við útreikning.

3.4.6. VERÐBRÉFASJÓÐUR

Sjóðnum er ekki heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum í hverjum verðbréfasjóði eða einstakri deild hans.

3.4.7. HLUTAFÉLAG

Sjóðnum er ekki heimilt að eiga meira en 20% af hlutafé í hverju félagi.



3.4.8. AÐRIR SJÓÐIR UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU

Sjóðnum er ekki heimilt að eiga meira en 20% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í hverjum sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans.

3.4.9. ÞJÓNUSTUVERKEFNI

Sjóðnum er heimilt að eiga stærri hluta en 20% í félagi sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóði. Sjóðurinn á ekki eignahlut í slíku félagi.

3.5. GJALDMIÐLAÁHÆTTA

Á næstu fimm árum er stefnt að því að minnka vægi gengisbundinna eigna í 35% með vikmörkum 25-50%. Lífeyrissjóðnum er heimilt að eiga allt að 50% eigna í erlendum gjaldmiðlum. Gengisbundnar eignir sjóðsins flokkast undir skuldabréf með ríkisábyrgð (A.a), innlán (B.b), hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (C.b), hlutabréf (E.a) og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

Ekki er í stefnu sjóðsins áætlun um að verja gjaldeyrisáhættu vegna eigna í erlendum gjaldmiðlum.

3.6. TAKMARKANIR OG VIÐMIÐ

Eftirfarandi eru takmarkanir og viðmið í eignasafni sem stjórn hefur sett sjóðnum í samræmi við þau atriði sem fjallað er um í reglugerð nr. 591/2017:

3.6.1. HÁMARKSFJÁRFESTING Í FASTEIGNAVEÐTRYGGÐUM SKULDABRÉFUM, REGLUR UM VEÐSETNINGARHLUTFÖLL OG VEÐANDLÖG

Fasteignaveðtryggð skuldabréf skulu að hámarki vera 25% af hreinni eign sjóðsins. Veðsetning vegna íbúðarhúsnæðis má að hámarki vera 70% af fasteignamati eða markaðsvirði, hvort heldur er hærra, en fjárhæð lána getur þó aldrei verið hærra en samtala brunabótamats og lóðarmats. Veðsetningarhlutfall vegna annarra fasteigna má að hámarki vera 50% af markaðsvirði. Þann 30. september 2020 var hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa 10% af hreinni eign sjóðsins.

3.6.2. HÁMARKSFJÁRFESTING Í SJÓÐUM INNAN SAMA REKSTRARFÉLAGS

Sjóðurinn má að hámarki eiga 10% í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags.

3.6.3. HLUTFALL EIGNA Í VIRKRI STÝRINGU

Að lágmarki skal 51% af eignum sjóðsins vera í virkri stýringu. Til eigna í virkri stýringu teljast allar eignir nema vísitölusjóðir og fasteignaveðtryggð útlán til sjóðfélaga. Þann 30. september 2020 var hlutfall eigna í virkri stýringu 74,9% af hreinni eign sjóðsins.

3.6.4. MARKMIÐ UM MEÐALLÍFTÍMA SKULDABRÉFAFLOKKA

Með tilliti til verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins er leitast við að halda meðallíftímaskuldabréfasafns löngum og skal meðallíftíma safnsins ekki vera skemmri en 6 ár. Við sérstakar aðstæður er heimilt að hafa meðallíftíma safnsins skemmri.



3.6.5. MARKMIÐ UM HLUTFALL LAUSAFJÁR

Miða skal við að vægi innlána sé 1% af hreinni eign en þó að hámarki 10%. Að jafnaði skal ekki binda innlán til lengri tíma.

3.6.6. MARKMIÐ UM GJALDMIÐLASAMSETNINGU EFTIR TEGUNDAFLOKKUM OG Í HEILD

Gengisbundnar eignir mega að hámarki vera 50% af hreinni eign sjóðsins, sbr. 1. mgr. 36. gr. d í lögum nr. 129/1997.

Gjaldmiðlasamsetning gengisbundinna eigna skal taka sem mest mið af samsetningu viðmiðunarvísitölu hvers eignaflokks, sjá nánar í kafla 4.3.

3.6.7. MARKMIÐ UM ATVINNUGREINASKIPTINGU EIGNASAFNS

Miðað skal við að vægi hlutabréfa í innlendum fyrirtækjum, í einni atvinnugrein eða í tengdum atvinnugreinum, verði ekki meira en 50% af verðmæti hlutabréfa í hlutabréfasafni sjóðsins. Heimilt er að víkja frá þessari reglu ef ein atvinnugrein er stærri hluti af OMXIGI vísitölunni.

Í safni innlendra fyrirtækjaskuldabréfa skal leitast við að dreifa fjárfestingum á ólíkar atvinnugreinar.

Atvinnugreinaskipting erlendra fjárfestinga sjóðsins skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu MSCI World vísitölnnar.

4. FJÁRFESTINGAR

4.1. ALMENNT

Fjárfestingar B-deildar miða að því að náð verði sem bestri ávöxtun eigna sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi og að teknu tilliti til lagalegra takmarkana, varúðarsjónarmiða og verðtryggðra langtímaskuldbindinga hans. Til að ná þessum markmiðum er vandað til allra ákvarðana um fjárfestingar og tryggja sem best vörslu eigna.

Virtri eignastýringu er beitt til að mæta þeim kröfum sem settar eru fram í fjárfestingarstefnu um dreifingu eigna á mismunandi hagkerfi, gjaldmiðla, atvinnugreinar og einstaka útgefendur. Þannig er komið í veg fyrir óæskilega samþjöppun í eignasafni, sjá nánar í kafla 4.3. Jafnframt er leitast við að lágmarka sveiflur í ávöxtun sjóðsins sem kunna að verða vegna verðsveiflna á mörkuðum að því marki sem kostur er. Í því samhengi er hluti skuldabréfasafns gerður upp á kaupkröfu og þannig dregið úr sveiflum í ávöxtun sjóðsins.

4.2. FJÁRFESTINGARÁKVARÐANIR

Allar ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins skulu taka mið af fjárfestingastefnu þessari, fjárfestingaáætlun, hluthafastefnu sjóðsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við mat á fjárfestingum skal horfa til greininga á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi eignasafnsins í heild að leiðarljósi. Ávöxtunarmöguleikar og fýsileiki fjárfestingakosta eru metnir til móts við áhættu þeirra sem og farið er yfir samfélagslega þætti þeirra.

Fjárfestingarákvarðanir eru teknar þannig að unnt sé að gera grein fyrir forsendum þeirra með greinargóðum hætti og rökstyðja hvernig þær falla annars vegar að gildandi lögum og reglum sem sjóðurinn starfar eftir og hins vegar þeim verklagsreglum sem sjóðurinn hefur sett sér við fjárfestingar



og meðferð fjármálagerninga. Við greiningu og mat á fjárfestingakostum er farið eftir verkferlum og verklýsingum sjóðsins. Þær greiningar sem viðeigandi þykja hverju sinni eru framkvæmdar, bæði af starfsfólki LSR og utanaðkomandi sérfræðingum. Greiningar á fjárfestingakostum taka mið af ýmsum þáttum sem geta verið mismunandi eftir tegundum fjárfestinga. Við mat á skuldabréfum er horft m.a. til þess hvort útgefandi sé með lánshæfismat, hvort veitt verði veð til trygginga á greiðslum, rekstrarsögu, fjárhagslegs styrkleika útgefanda og skilmála skuldabréfanna. Greining og skuldabréfastýring er framkvæmd af starfsfólki LSR. Er kemur að fjárfestingum í hlutabréfum er m.a. horft til verðlagningar hlutabréfa viðkomandi hlutafélags, fjárhagslegs styrkleika, arðsemi og hvort að framtíðarhorfur séu góðar. Stýring á innlendu hlutabréfasafni er framkvæmd af starfsfólki LSR. Það jafnframt greinir og metur verðbréfasjóði sem hafa m.a. umsjón með daglegri stýringu á erlendum verðbréfum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í eigu sjóðsins. Við greiningu og mat á fjárfestingakostum er stuðst við upplýsingar sem liggja fyrir á hverjum tíma, m.a. úr upplýsingaveitum og fyrirliggjandi greiningum.

Í innri reglum sjóðsins eru skilgreindar fjárfestingaheimildir starfsmanna og framkvæmdastjóra og í þeim er tilgreint sérstaklega hvaða fjárfestingatillögur þurfa samþykki stjórnar sjóðsins. Þannig er í innri reglum tilgreint hvaða fjárfestingaheimildir starfsmenn og framkvæmdastjóri hafa í einstökum flokkum verðbréfa. Leita skal eftir fyrirfram samþykki stjórnar LSR þegar keypt er í fyrsta sinn hlutdeildarskírteini eða hluti í verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði, fagfjárfestingsjóði eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Undanskilin eru hlutdeildarskírteini og hlutir innlendra UCITS-sjóða og hlutdeildarskírteini og hlutir verðbréfa- og fjárfestingasjóða sem notaðir eru í lausafjárstýringu. Þá skal leita fyrirfram samþykkis stjórnar LSR vegna fjárfestinga í eignarflokkum sem sjóðurinn hefur ekki fjárfest í áður. Einnig skal leita eftir fyrirfram samþykki stjórnar LSR þegar fjárfesta skal í fyrsta sinn í félögum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og þegar fjárfesta skal í fyrsta sinn í skuldabréfum útgefnum af félögum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar eru einungis heimil að fengnu samþykki stjórnar LSR.

4.3. ÁVÖXTUNAR- OG ÁHÆTTUVIÐMIÐ

Skipting eigna er ákveðin með hliðsjón af áhættu, ávöxtun og væntingum um ávöxtun mismunandi eignaflokka. Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega er ávöxtun eigna sjóðsins reiknuð ásamt ávöxtun einstakra verðbréfaflokka og er ávöxtun þeirra eigna sem gerðar eru upp á markaðsvirði borin saman við ávöxtun samkvæmt settum viðmiðum hvers eignaflokks. Við mat á flökti í ávöxtun skal jafnframt taka mið af viðmiðum hvers eignaflokks.

Eignaflokkar	Vænt nafnávöxtun	Heiti viðmiðunarvísitölu	Auðkenni
Innlán	0,5%	OMX Iceland 3M Non-Indexed + álag	OMXI3MNI
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	4,0%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI
Skuldabréf lánastofnana	4,0%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Skuldabréf sveitarfélaga	4,5%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Skuldabréf fyrirtækja	5,0%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,5%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Innlend hlutabréf	7,0%	OMX Iceland All-Share GI	OMXIGI
Erlend skuldabréf	3,0%	Barclays Global-Aggregate Total Return Index	LEGATRUU
Erlend hlutabréf	7,0%	MSCI World Index	NDDUWI

Tafla 2

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt



er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Í fjárfestingarskýrslum sjóðsins er eignasafnið borið saman við fjárfestingarstefnu og kannað hversu nálægt efri og neðri vikmörkum eignasamsetning sjóðsins er miðað við stefnu. Eru þessir útreikningar framkvæmdir ársfjórðungslega fyrir öll skilgreind vikmörk og viðmið stefnunnar. Ef farið er út fyrir vikmörk stefnu eru frávik skráð í áhættueftirlitskerfi sjóðsins og birt í skýrslu áhættustjóra. Vikmörkin eru þeir áhættumælikvarðar sem notaðir eru í reglulegri vöktun sjóðsins. Aðrir áhættuþættir geta verið notaðir í sérstökum greiningum eða skýrslum um eignasafn og einstakar fjárfestingar sjóðsins. Áhættustýring hefur einnig eftirlit með framfylgni fjárfestingarstefnunnar og reiknar út stöðu eignasafns samanborið við skilgreind vikmörk í stefnu og lagaleg mörk. Því eftirliti er nánar lýst í áhættustýringarstefnu sjóðsins. Í áhættustýringarstefnu er skilgreint hvenær frávik eða brot á skilgreindum mörkum telst alvarlegt samkvæmt 14. gr. reglugerðar 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Gætt er að samþjöppun í eignasafni og hún lágmarkuð sem kostur er. Hugað er að mótaðilaáhættu við fjárfestingaákvæðanir, sbr. kafli 3.4 í fjárfestingastefnu. Útreikningar á eignasafni eru framkvæmdir með reglubundnum hætti þar sem safnið er greint á margvíslega vegu, t.a.m. eru innlend og erlend verðbréf greind niður á einstaka útgefendur verðbréfa og rekstrarfélög og erlend verðbréf eru greind niður á landsvæði og atvinnugreinar. Við mat á innlendri samþjöppun er horft á beinan og óbeinan eignarhlut í félögum. Þessir útreikningar, ásamt fleirum, eru birtir í fjárfestingarskýrslu en jafnframt er stuðst við þessa útreikninga í greiningu við mat á fjárfestingakostum.

4.4. SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Í stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar² eru skilgreind viðmið sem höfð skulu til grundvallar við mat á fjárfestingum:

- LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur fjárfestir og stuðla að framþróun góðra starfshátta á fjármálamarkaði.
- LSR skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu og við ávöxtun fjár lífeyrissjóðsins. Umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestingaákvæðanir og eftirfylgni þeirra þar sem þessir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma.
- Að mati LSR hafa umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast jafnframt við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

LSR hefur skrifað undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvæðanir á fjárfestingum. LSR er jafnframt meðal stofnaðila IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

LSR hvetur þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í og þau rekstrarfélög sem starfrækja verðbréfa- og fjárfestingasjóði að sýna gagnsæi þegar kemur að umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og skýra frá því, svo sem í ársskýrslu, samfélagsskýrslu eða á sambærilegan máta, hvernig starfsemin og fjárfestingar tengjast almennt viðurkenndum viðmiðum á borð við

² <https://www.lsr.is/media/log-og-samthykkir/Stefna-um-abyrgar-fjarfestingar-juni-2019.pdf>



heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ESG viðmið kauphallarinnar og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í hluthafastefnu LSR³, sem varðar aðkomu sjóðsins að félögum sem sjóðurinn fjárfestir beint í og eru skráð á hlutabréfamarkaði, er mælt til þess að þau fyrirtæki sem LSR fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfismálum og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda.

Stjórn LSR hefur sett sér og starfsfólki sjóðsins siða- og samskiptareglur⁴. Þær reglur setja viðmið m.a. hvað varðar góða starfshætti, hagsmunaárekstra, gjafir, boð og meðferð trúnaðarupplýsinga. Lögð er áhersla á að starfsmenn sjóðsins ræki samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur verðbréfa sem best í þágu lífeyrissjóðsins. Jafnframt áréttar stjórn LSR mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði og á sama tíma hafi hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

³ <https://www.lsr.is/media/log-og-samthyktir/Hluthafastefna.pdf>

⁴ <https://www.lsr.is/media/log-og-samthyktir/Sida-og-samskiptareglur-LSR.pdf>



Þannig samþykkt fjárfestingarstefna fyrir B-deild LSR á stjórnarfundum 25. nóvember 2020, undirritað af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóra sjóðsins.

Gunnar Björnsson, formaður

Árni Stefán Jónsson, varaformaður

Áslaug María Friðriksdóttir

Guðrún Ögmundsdóttir

Ragnar Þór Pétursson

Unnur Pétursdóttir

Viðar Helgason

Þórveig Þormóðsdóttir

Harpa Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri

VIÐAUKI A

Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	I. Markmið um eignasamsetningu	II. Vikmörk**		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	III. Gengisbundin verðbréf	III. Vikmörk		IV. Óskráð verðbréf	VI. Vikmörk	
		Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20,0%	15,0%	30,0%	20,6%	100,0%	0,0%	0,0%	2,0%			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10,0%	5,0%	20,0%	10,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	0,0%	10,0%	2,2%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%	10,0%
B.b. Innlán	5,0%	0,0%	10,0%	6,5%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
B.c. Sértryggð skuldabréf	3,0%	0,0%	5,0%	1,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttrygginga- félaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	2,0%	0,0%	5,0%	0,6%	80,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%
C.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	32,0%	20,0%	45,0%	34,3%	80,0%	32,0%	20,0%	45,0%			
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	5,0%	0,0%	10,0%	6,4%	60,0%	0,0%	0,0%	2,0%	3,0%	0,0%	5,0%
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,0%	0,0%	5,0%	0,5%	60,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	5,0%
E.a. Hlutabréf félaga	12,0%	5,0%	20,0%	14,0%	60,0%	2,0%	0,0%	10,0%	3,0%	0,0%	5,0%
E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5,0%	0,0%	15,0%	3,9%	60,0%	1,0%	0,0%	10,0%	5,0%	0,0%	10,0%
E.c. Fasteignir	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	60,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a. Afleiður	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	35,0%	25,0%	45,0%	44,6%	50,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

